

# FRAMKVÆMDA FRÉTTIR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

3. TBL — NÓVEMBER 2018

## VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

Í lok október var haldin viðbragðsæfing í Neyðarstjórn Isavia (NIS) þar sem æfð voru fyrstu viðbrögð við eldgosum. Sett var á svið upphaf af eldgosi í Örafajökli og voru markmið æfingar að fara yfir virkni, samskipti, verkferla og viðbragðsáætlun fyrir eldgos. Æfingin gekk vel og mörg góð lærdómsatriði sem komu fram. Í framhaldinu verður unnið að endurbótum á áætluninni til að styrkja hana enn frekar.

Tilgangurinn með Neyðarstjórn Isavia er að tryggja heildstæð og samhæfð viðbrögð við atburðum sem ógna rekstraröryggi Isavia, milda áhrif atburða og tryggja aftur fulla þjónustu eins fljótt og auðið er. Virkjun Neyðarstjórnar fer eftir eðli og umfangi atburða og er hún skipuð ákveðnum kjarnahóp auk fulltrúa þeirra sviða/rekstrareininga sem hlut eiga að máli hverju sinni.

## ÖRYGGISMOLI

Nú er veturinn að ganga í garð og veður fer að versna með snjó, hálfu og takmörkuðu skyggni.

Þá eykst öll áhætta á flugvellinum.

Gott er að rifja upp skilgreinda

áhættuþætti starfa og hvernig

mögulegt er að draga úr áhættum.

Einnig er mikilvægt að rifja upp gildar

[öryggisreglur flugvallarins.](#)



## MEÐFERÐ PERSÓNUUPPLÝSINGA HJÁ ISAVIA

Ný persónuverndarlög tóku í gildi í júlí 2018. Lögin styrkja réttindi einstaklinga gagnvart þeim sem hafa undir höndum persónuupplýsingar þeirra. Isavia leggur áherslu á örugga og ábyrga meðferð persónuupplýsinga. Isavia leitast við að takmarka vinnslu persónuupplýsinga eins og hægt er og safnar ekki persónuupplýsingum umfram það sem nauðsynlegt er.

Öll vinnsla á persónuupplýsingum, þ.m.t. öflun, skráning, vistun og meðferð þeirra á vegum Isavia, lýtur lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og öðrum reglum sem settar hafa verið á grundvelli persónuverndarlaga.

Isavia gætir þess að sú vinnsla persónuupplýsinga, sem Isavia hefur með höndum sem ábyrgðaraðili vinnslu, sé í samræmi við persónuverndarlög. Isavia hefur skipað persónuverndarfulltrúa og netfang hans er [personuvernd@isavia.is](mailto:personuvernd@isavia.is).

Á vef Isavia má finna upplýsingar um söfnun og vinnslu persónuupplýsinga:

<https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/fyrirtaekid/stefna-isavia/medferd-personuupplysinga-hja-isavia>

## FLUGSTÖÐ

Hér verður greint frá þeim verkefnum sem eru í gangi í flugstöðinni í nóvembermánuði.

### SVF17 – NÝ RAFSTÖÐ

Undirbúningur fyrir nýja rafstöð er í fullum gangi en ný rafstöð fyrir flugstöðina verður komið fyrir í gámaeiningu frá AtlasCopco austanmegin við núverandi dísilstöð sem staðsett er við Fálkavöll 11. Undirstaða hefur verið steipt og er áætlað er að rafstöðin komi til landsins innan þriggja vikna. Undirbúningur fyrir tengingar og uppsetningu gengur vel og mun nýja rafstöðin keyra samhliða núverandi rafstöð í neyðartilvikum. Þörfin á nýrri rafstöð er vegna aukinnar raforkunotkunar í flugstöðvarbyggingunni sem tengist stækkunum síðastliðinna ára.



Undirstaða nýrrar rafstöðvar



Gámaeining sem mun hýsa nýju rafstöðina

### VIÐHALDSVINNA Í SUÐURKJALLARA

Almenn við viðhaldsvinna er á lokastigum í suðurkjallara. Þessi vinna hefur ekki áhrif á daglegan rekstur flugstöðvarinnar.

### VIÐHALD Á YTRA BYRÐI FLE

Öllum glerskipum í Gjánni er að mestu leyti lokið, og þar með þeim glerskiptum sem fyrirhuguð voru á þessu ári. Unnið er við viðgerðir á þaki utan við neyðarútgang á 2. hæð norðurbyggingar og þaki þess hluta innritunarsalar sem hýsir sérstærðarfarangur og mun þeim viðgerðum ljúka um miðjan nóvember. Þessi viðhaldsvinna hefur ekki áhrif á daglegan rekstur flugstöðvarinnar.

### NÝR VEITINGASTAÐUR Á 2. HÆÐ


Framkvæmdir við nýjan veitingastað, „Hjá Höllu“, er lokið og opnaði veitingarstaðurinn formlega 9. október. Staðurinn er í suðurbyggingu flugvallarins þar sem stutt er í öll brottfararhlið og því tilvalið að setjast þar niður áður en farið er í flug. Hjá Höllu er boðið upp á hollan og góðan mat sem er unninn frá grunni úr hágæðahráefnum. Eldofn er á staðnum þar sem boðið er upp á eldbakaðar pizzur sem tekur örstuttan tíma að útbúa. Happy hour er alla daga frá kl. 13 til 15.



Hjá Höllu - Suðurbygging

## BREYTING Á HLIÐUM SUÐURKJALLARA

Breytingar á hliðum í suðurkjallara eru á lokastigum og mun ljúka í þessum mánuði. Verið er að færa og stækka vopnaleytið fyrir þriðju landaleiti í suðurkjallara þar sem settar hafa verið upp fjórar flæðilínur samskonar þeim og eru í vopnaleyti farþega í norðurbyggingu. Þessar breytingar munu auka afköst þar í gegn. Auk þessara breytinga var núverandi vopnaleyti í suðurkjallaranum breytt í brottfararhlið.



Breytingar á aðstöðu farþegaþjónustu

## BREYTINGAR Á AÐSTÖÐU FARÞEGAÞJÓNUSTU Í NORÐURKJALLARA

Unnið er að breytingum á aðstöðu starfsmanna í farþegaþjónustu í kjallara norðurbyggingar. Helstu breytingar eru meðal annars að útbúin verður ný og opin kaffistofa, setuhorn, aflokað hvíldarrými og rými fyrir munaskápa og fatnað. Áætluð verklok eru í desember.

## VIÐHALD OG ENDURNÝJUN Á ÖRYGGISGIRÐINGUM OG EFTIRLITSVEGUM

Unnið hefur verið við viðhald og endurnýjun á öllum öryggisgirðingum og eftirlitsvegum á Keflavíkurflugvelli frá því í vor. Vinnan hefur gengið vel og munu klárast í vetur ef veðurskilyrði verða hagstæð.



Öryggisgirðing flugstöðvar

## GRÆNU SKREFIN

Isavia fylgir ramma Grænna skrefa til innleiðingar á Umhverfisstefnu Isavia á skrifstofum. Þetta er aðgerðaáætlun sem snýr að því að efla vistvænan rekstur með kerfisbundnum hætti. Flokkunarstöðvar eru komnar upp á skrifstofum Isavia og eru starfsmenn hvattir til þess að kynna sér Grænu skrefin með því að skoða [umhverfishandbók Isavia](#).






## FLUGHLÖÐ

Hér verður greint frá þeim flughlaðsverkefnum sem eru í gangi í nóvembermánuði.

### SFA16 – STÆKKUN FLUGHLAÐS TIL AUSTURS

Afhending á stæðum 75, 75L og 75R verður í byrjun nóvember. Áframhaldandi frágangsvinna sunnan NOV4 er í gangi þar sem unnið er að tengingum við núverandi eldsneytiskerfi auk þess sem steipt verður lok á eldsneytisbrunn TB-40. Unnið verður að jarðvegsfrágangi og lokafrágangi regnvatnslagna. Áætluð verklok eru um miðjan desember.



Staðsetning framkvæmdasvæðis sunnan NOV4

### VDGS – VISUAL DOCKING GUIDANCE SYSTEM

Búið er að steypa 12 undirstöður af 25 fyrir VDGS búnað á nýju fjarstæðunum sem tekin hafa verið í notkun. Áætlað er að allar undirstöður verði uppsteyptar í lok nóvember. Vinna hefur takmörkuð áhrif á rekstur stæða.



Nýja regnvatnsrennan

### RENNUR Á FLUGHLAÐI

Unnið er við þéttingar á yfirborði og milli eininga á nýrri 100 m langri regnvatnsrennu fyrir aftan stæði 6 og 8 og er áætlað að vinnu verði lokið næsta vor. Ef veður leyfir í nóvember verður reynt að klára þéttingar milli rennueininga.

## FLUGBRAUTIR

Helstu verkefni vegna flugbrauta í nóvembermánuði eru tilgreind hér að neðan.

### RAFMAGNS- OG LJÓSAKERFI

Kveikt hefur verið á nýjum aðflugsljósum fyrir flugbraut 28 og munu þau vera virk frá og með 9. nóvember.



Staðsetning nýrra aðflugsljósa við flugbraut 28



Ný aðflugsljósamöstur

Útgefandi er Tækni- og eignasvið,  
Umsjónarmaður er Guðrún Jóna  
([guðrun.jons@isavia.is](mailto:guðrun.jons@isavia.is))